

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/1536**2015/EES/74/94****frá 16. september 2015**

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar samræmingu á reglum um áframhaldandi lofthæfi við reglugerð (EB) nr. 216/2008, um brýn viðhaldsverkefni og eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ⁽²⁾ er mælt fyrir um ítarlegar reglur um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs.
- 2) Í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008 er mælt fyrir um kröfur um áframhaldandi lofthæfi í tengslum við starfrækslu loftfara, þ.m.t. kröfur um fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi flókinna, vélknúinna loftfara og loftfara sem starfrækt eru í ábataskyni. Uppfæra ætti reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að tryggja að þessum kröfum verði framfylgt.
- 3) Nauðsynlegt er að ákvarða við hvaða skilyrði flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008⁽³⁾, er heimilt að starfrækja loftför, sem skráð eru í þriðja landi, til að tryggja að farið sé að viðeigandi grunnkröfum sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.
- 4) Nauðsynlegt er að tryggja að kröfum eftirlitsáætlunarinnar um áframhaldandi lofthæfi loftfars verði beitt með samræmdum hætti innan Sambandsins. Í því skyni ætti að breyta ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 um framkvæmd lögbærra yfirvalda að því er varðar eftirlitsáætlun um áframhaldandi lofthæfi loftfars.
- 5) Nauðsynlegt er að draga úr þeirri áhættu sem tengist framkvæmd viðhalds og einkum og sér í lagi að tryggja að hlutaðeigandi einstaklingar og fyrirtæki hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að greina mistök, sem gerð eru við framkvæmd viðhalds, sem gætu haft áhrif á flugöryggi. Þar af leiðandi ætti að breyta kröfunum, sem gilda um framkvæmd viðhalds, sem settar eru fram í I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 241, 17.9.2015, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 278/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

- 6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til samræmis við það.
- 7) Nauðsynlegt er að gefa flugiðnaðinum og stjórnsýslu aðildarríkjanna nægan tíma til að laga sig að þessum breytta regluramma. Því ætti að fresta gildistökudegi þessarar reglugerðar í heild sinni.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit Flugöryggisstofnunar Evrópu og skulu þær lagðar fram skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er kveðið á um sameiginlegar tæknikröfur og stjórnsýslumeðferð til að tryggja:

- a) áframhaldandi lofthæfi loftfara, þ.m.t. íhluta til ísetningar í þau, sem:
 - i. eru skráð í aðildarríki, nema lögbundið öryggiseftirlit með þeim hafi verið falið þriðja landi og flugrekandi í Sambandinu noti þau ekki, eða
 - ii. eru skráð í þriðja landi og flugrekandi í Sambandinu noti þau, ef aðildarríki hefur verið falið lögbundið öryggiseftirlit með þeim,
- b) að farið sé að grunnkröfum reglugerðar (EB) nr. 216/2008 að því er varðar áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem eru skráð í þriðja landi, og íhluta til ísetningar í þau, ef lögbundið öryggiseftirlit með þeim hefur ekki verið falið aðildarríki þegar þau eru tekin á tómaleigu af flugrekanda sem hefur rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008(*).

(* Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3)“

- 2) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) „flutningaflug“ (CAT): starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn greiðslu eða annars konar gjaldi,“

- b) Eftirfarandi liðir bætist við:

„n) „brýnt viðhaldsverkefni“: viðhaldsverkefni, sem felur í sér samsetningu á eða truflun í kerfi eða einhvers annars hluta loftfars, hreyfils eða skrúfu, sem gæti með beinum hætti stofnað flugöryggi í hættu ef mistök eru gerð við framkvæmd þess,

o) „sérstök starfræksla í ábataskyni“: starfræksla sem fellur undir kröfur ORO-hluta í SPO-kafli III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 965/2012(*),

- p) „takmörkuð starfræksla“: starfræksla loftfara, annarra en flókinna, vélknúinna loftfara fyrir:
- i. flug þar sem óbreyttir einstaklingar skipta með sér kostnaði, með því skilyrði að þessi beini kostnaður deilist niður á alla sem eru um borð, þ.m.t. flugmanninn, og að einstaklingarnir, sem skipta með sér þessum beina kostnaði, séu ekki fleiri en sex,
 - ii. keppnisflug eða flugsýningar, með því skilyrði að þóknunin eða annars konar greiðsla, sem greidd er fyrir slíkt flug, sé takmörkuð við endurheimt beins kostnaðar og hlutfallslegt framlag til árlegs kostnaðar, og að verðmæti verðlaunanna sé ekki meira en lögbært yfirvald tilgreinir,
 - iii. kynnisflug, fallhlífarstökk, flugtog á sviðflugum eða listflug, sem fram fer á vegum þjálfunarfyrirtækis með aðalstarfsstöð sína í aðildarríki og er samþykkt í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011(*), eða á vegum fyrirtækis, sem stofnað er í því skyni að kynna sport- eða tómsundaflug, með því skilyrði að fyrirtækið starfræki loftfarið á grundvelli eignarhalds eða tómaleigu, að flugið skapi ekki hagnað, sem greiddur er út utan fyrirtækisins, og að flug, þar sem aðilar, sem eiga ekki aðild að fyrirtækinu, eiga hlut að máli, sé aðeins lítill hluti af starfsemi fyrirtækisins;
- að því er þessa reglugerð varðar telst „takmörkuð starfræksla“ ekki flutningaflug eða sérstök starfræksla í ábataskyni,
- q) „kynnisflug“ (e. *introductory flight*): kynnisflug eins og það er skilgreint í 9. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012,
- r) „keppnisflug“ (e. *competition flight*): keppnisflug eins og það er skilgreint í 10. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012,
- s) „flugsýning“: flugsýning eins og hún er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 965/2012.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnáætlunir til loftfara og varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnáætlunir til loftfara og varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).“

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1., 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. gr., og íhluta til ísetningar í þau, í samræmi við ákvæði I. viðauka.

2. Fyrirtæki og starfsfólk, sem kemur að áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. mgr., og íhluta til ísetningar í þau, þ.m.t. viðhald, skulu uppfylla ákvæði I. viðauka og, ef við á, ákvæðin sem tilgreind eru í 4. og 5. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. mgr. og hafa flugleyfi, á grundvelli sérstaks fyrirkomulags um áframhaldandi lofthæfi, eins og það er skilgreint í flugleyfinu sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (21. hluta) reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012.“

b) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við:

„5. Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í b-lið 1. gr., og íhluta til ísetningar í þau, í samræmi við ákvæði V. viðauka a.“

4) Í stað 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„1. Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki skulu gefin út í samræmi við ákvæði F-kafla I. viðauka eða ákvæði II. viðauka.“

5) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi c-liður bætist við í 2. mgr.:

„c) kröfum V. viðauka a fyrir en 25. ágúst 2017, að því er varðar loftför sem skráð eru í þriðja landi og sem flugrekendur, með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, hafa tekið á leigu.

b) Eftirfarandi 2. mgr. a bætist við:

„2a. Þrátt fyrir 1. mgr. gilda kröfurnar um loftför, sem notuð eru í sérstakri starfrækslu í ábataskyni og í flutningaflugi, nema að því er varðar flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 965/2012, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 379/2014(*), frá og með 21. apríl 2017.

Þangað til gildir eftirfarandi:

— ákvæði f-liðar M.A.201 í I. viðauka gilda um flókin, vélknúin loftför, sem flugrekendur nota, þó ekki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, og um samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem eru starfrækt í ábataskyni,

— ákvæði h-liðar M.A.201 í I. viðauka gilda um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem flugrekendur nota, þó ekki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, og um samþykkt þjálfunarfyrirtæki sem eru starfrækt í ábataskyni,

— ákvæði a-liðar M.A.306 í I. viðauka gilda um loftför sem flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 nota og um loftför sem flugrekendur, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, nota,

— ákvæði c-liðar M.A.801 í I. viðauka gilda um ELA1-loftför, sem hvorki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, nota

— ákvæði b-liðar M.A.803 í I. viðauka gilda um einföld vélknúin loftför með allt að 2 730 kg hámarksflugtaksmassa, um sviðflugur, vélsviðflugur eða loftbelti, sem hvorki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né flugrekendur, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, nota og sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, nota ekki heldur,

— ákvæði g-liðar M.A.901 í I. viðauka gilda um ELA1-loftför sem hvorki flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né flugrekendur, þar sem aðildarríki krefst að þeir hafi undir höndum skírteini fyrir atvinnurekstur, nota og sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, nota ekki heldur.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 379/2014 frá 7. apríl 2014 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjóð. ESB L 123, 24.4.2014, bls. 1).“

6) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

7) Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

8) Ákvæðum III. viðauka (66. hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

9) Texti IV. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem V. viðauki a (T-hluti).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 25. ágúst 2016.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Efnisyfirliti er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað fyrirsagnar M.A.306 komi „M.A.306 Tækniflugbók loftfars“.
 - b) Í stað fyrirsagnar I. viðbætis komi „I. viðbætur — Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi“.
- 2) Í stað 4. liðar M.I komi eftirfarandi:

„4. Þegar um er að ræða samþykki fyrir viðhaldsáætlunum:

 - i. yfirvald sem skráningaraðildarríkið tilnefnir,
 - ii. ef skráningaraðildarríkið samþykkir það áður en viðhaldsáætlunin er samþykkt:
 - a) yfirvald sem er tilnefnt af því ríki þar sem flugrekandinn hefur aðalstarfsstöð sína eða þar sem hann hefur staðfestu eða búsetu,
 - b) yfirvald sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, eða með þeim sem eigandinn hefur gert takmarkaðan samning við í samræmi við 3. lið i-liðar M.A.201.“
- 3) Í stað d-, e-, f-, g-, h-, i- og j-liðar M.A.201 komi eftirfarandi:

„d) Flugstjórinn eða, ef um er að ræða flugrekendur með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, flugrekandinn ber ábyrgð á því að fyrirflugsskoðun sé framkvæmd á fullnægjandi hátt. Flugmaðurinn eða annar aðili með tilskilin starfsréttindi verður að annast skoðunina en ekki er nauðsynlegt að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða viðhaldsvottar með samþykki skv. 66. hluta annist hana.

e) Þegar um er að ræða loftför sem flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, nota ber flugrekandinn ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem hann starfrækir og skal hann:

 - 1) sjá til þess að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt,
 - 2) hafa hlotið samþykki sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, samkvæmt G-kafla M.A., sem er hluti af flugrekandaskírteini hans fyrir loftfarið sem hann starfrækir, og
 - 3) hafa hlotið samþykki í samræmi við 145. hluta eða vera með samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við c-lið M.A.708.
- f) Að því er varðar flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:
 - 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt,
 - 2) að samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, framkvæmi verkefnið sem tengjast áframhaldandi lofthæfi; ef flugrekandinn er ekki sjálfur samþykktur sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal flugrekandinn gera skriflegan samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við I. viðbæti og
 - 3) að fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í 2. lið, hafi samþykki í samræmi við 145. hluta fyrir viðhaldi á loftfarinu og íhlutum til ísetningar í þau, eða hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við c-lið M.A.708.

- g) Hvað varðar flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né f-lið, skal eigandinn sjá til þess:
- 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt,
 - 2) að samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, framkvæmi verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi; ef eigandinn er ekki sjálfur samþykktur sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn gera skriflegan samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við I. viðbæti og
 - 3) að fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í 2. lið, hafi samþykki í samræmi við 145. hluta fyrir viðhaldi á loftfarinu og íhlutum til ísetningar í þau, eða hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við c-lið M.A.708.
- h) Hvað varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandi sjá til þess:
- 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt,
 - 2) að samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, framkvæmi verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi; ef flugrekandinn er ekki sjálfur samþykktur sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal flugrekandinn gera skriflegan samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við I. viðbæti og
 - 3) að fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í 2. lið, hafi samþykki í samræmi við F-kafla M-hluta eða 145. hluta fyrir viðhaldi á loftfarinu og íhlutum til ísetningar í þau, eða hafi gert samning við slíkt fyrirtæki í samræmi við c-lið M.A.708.
- i) Hvað varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né h-lið eða sem notuð eru við „takmarkaða starfrækslu“, ber eigandinn ábyrgð á því að tryggja að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem skilgreind eru í a-lið, séu uppfyllt. Í því skyni skal eigandinn:
- 1) gera samning við samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, um að annast þau verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi í formi skriflegs samnings í samræmi við I. viðbæti, sem mun þá gera fyrirtækið, sem samið var við, ábyrgt fyrir því að lokið verði við þessi verkefni eða
 - 2) annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfis loftfarsins á eigin ábyrgð án þess að semja við samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eða
 - 3) annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins á eigin ábyrgð og gera takmarkaðan samning við neðangreinda aðila um að útbúa viðhaldsáætlunina og vinna úr samþykki hennar í samræmi við M.A.302:
 - samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða
 - að því er varðar ELA2-loftför, viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.
- Takmarkaði samningurinn færir ábyrgðina á því að útbúa og vinna úr samþykki viðhaldsáætlunarinnar yfir á fyrirtækið sem samið var við, að undanskildum þeim tilvikum þar sem eigandi hefur gefið út yfirlýsingu í samræmi við h-lið M.A.302.
- j) Eigandinn/flugrekandinn skal tryggja að allir einstaklingar, sem hafa heimild lögbæra yfirvaldsins, fái aðgang að allri aðstöðu, loftförum eða skjölum sem tengjast starfsemi hans, þ.m.t. allri útviSTAðri starfsemi, til að ákvarða hvort farið sé að kröfum þessa hluta.“
- 4) Lið M.A.301 er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. liðar komi eftirfarandi:
- „2. lagfæra, samkvæmt gögnum sem tilgreind eru í lið M.A.304 og/eða M.A.401, eftir því sem við á, hvers konar bilanir og skemmdir, sem hafa áhrif á öryggi í starfrækslu, með hliðsjón af listanum yfir lágmarksbúnað og listanum yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug, ef við á.“

- b) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:
- „4. gera úttekt á skilvirkni viðhaldsáætlunarinnar, sem samþykkt er samkvæmt M.A.302, að því er varðar öll flókin, vélknúin loftför eða loftför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008,“.
- c) Í stað 7. liðar komi eftirfarandi:
- „7. marka stefnu um framkvæmd valfrjálsra breytinga og/eða skoðana á öllum flóknum, vélknúnum loftförum eða loftförum sem eru notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008,“.
- 5) Lið M.A.302 er breytt sem hér segir:
- a) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:
- „c) Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafli A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sér um áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða þegar til staðar er takmarkaður samningur milli eiganda og þessa fyrirtækis í samræmi við 3. lið i-liðar M.A.201, er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlunina fyrir loftför og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.
- i. Í því tilviki skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, taka málsmeðferð við óbeint samþykki upp sem hluta af starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og skal hún samþykkt af því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- ii. Fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal ekki nota málsmeðferðina við óbeint samþykki þegar þetta fyrirtæki er ekki undir eftirliti skráningaraðildarríkisins nema samkomulag sé til staðar skv. ii. lið 4. liðar M.I, eftir því sem við á, þar sem ábyrgðin á samþykki viðhaldsáætlunarinnar fyrir loftför færir til lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“
- b) Í stað f-liðar komi eftirfarandi:
- „f) Þegar um er að ræða flókin, vélknúin loftför skal áreiðanleikaáætlun vera innifalin í viðhaldsáætluninni fyrir loftför þegar hún byggist á reglum viðhaldsstýrihóps eða vöktun ásigkomulags.“
- 6) Í stað 2. liðar b-liðar M.A.305 komi eftirfarandi:
- „2. tæknifluginn flugrekandans þegar þess er krafist samkvæmt M.A.306.“
- 7) Lið M.A.306 er breytt sem hér segir:
- a) Í stað titilsins komi eftirfarandi:
- „M.A.306 **Tæknifluginn loftfars**“.
- b) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:
- „a) Þegar um er að ræða flutningaflug, sérstaka starfrækslu í ábataskyni og samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandi, auk þess að uppfylla kröfurnar í M.A.305, færa reglubundið í tæknifluginn eftirfarandi upplýsingar um hvert loftfar:
1. upplýsingar sem nauðsynlegar eru um hvert flug til að tryggja áframhaldandi flugöryggi og

2. gildandi viðhaldsvottorð loftfarsins og
3. gildandi viðhaldsyfirlýsingu sem sýnir stöðuna á viðhaldi loftfarsins og hvað er næst á viðhaldsáætlun, bæði að því er varðar reglubundið og óreglubundið viðhald, en þó getur lögbært yfirvald samþykkt að viðhaldsyfirlýsingin sé geymd annars staðar og
4. allar lagfæringar bilana eða skemmda sem hefur verið slegið á frest og geta haft áhrif á starfrækslu loftfarsins og
5. allar nauðsynlegar leiðbeiningar um stuðningsfyrirkomulag fyrir viðhald.“

8) Í stað M.A.402 komi eftirfarandi:

„M.A.402 **Framkvæmd viðhalds**

Að undanskildu viðhaldi sem viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt skv. II. viðauka (145. hluta), framkvæmir skal sérhver aðili eða fyrirtæki sem framkvæmir viðhald:

- a) vera hæft til að framkvæma verkefnið í samræmi við kröfurnar í þessum hluta,
- b) tryggja að svæðið, þar sem viðhald fer fram, sé vel skipulagt og laust við óhreinindi og mengun,
- c) nota þær aðferðir, tækni, staðla og leiðbeiningar sem tilgreind eru í M.A.401 um viðhaldsgögn,
- d) nota þau verkfæri, búnað og efnivið sem tilgreind eru í M.A.401 um viðhaldsgögn; ef þörf krefur skal prófa og kvarða verkfæri og búnað til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal,
- e) tryggja að allt viðhald fari fram innan þeirra umhverfistakmarkana sem eru tilgreindar í M.A.401 um viðhaldsgögn.
- f) tryggja að viðeigandi aðstaða sé notuð ef um er að ræða slæm veðurskilyrði eða langvarandi viðhald,
- g) tryggja að dregið verði úr hættu á margföldum mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum,
- h) tryggja að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd brýns viðhaldsverkefnis og
- i. framkvæma almennt eftirlit í lok viðhalds til að tryggja að loftfarið eða ihluturinn sé laus við öllum verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur.“

9) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar M.A.403:

„b) Einungis viðurkenndir viðhaldsvottar, skv. M.A.801 (1. lið b-liðar), M.A.801 (2. lið b-liðar), M.A.801 (c-lið), M.A.801 (d-lið) eða skv. 145. hluta, geta ákvarðað, á grundvelli viðhaldsgagnanna, samkvæmt M.A.401, hvort bilun í loftfari stofni flugöryggi í hættu og þar með ákvarðað hvaða lagfæringar skuli gera fyrir frekara flug og hvenær hvaða lagfæringum megi slá á frest. Þetta á þó ekki við þegar flugmaðurinn eða viðurkenndir viðhaldsvottar nota listann yfir lágmarksbúnað.

c) Lagfæra skal allar bilanir í loftfari, sem stofna ekki flugöryggi í hættu, eins fljótt og gerlegt er eftir að bilunarinnar í loftfarinu verður fyrst vart og innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum eða í listanum yfir lágmarksbúnað.“

10) Í stað d-liðar M.A.502 komi eftirfarandi:

„d) Þrátt fyrir a-lið og 2. lið b-liðar M.A.801 er viðhaldsvottunum, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801, heimilt að framkvæma viðhald á íhlut, hvort sem hann er fastur eða hefur verið fjarlægður tímabundið úr ELA1-loftfari, sem notað er af öðrum flugrekendum en þeim sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og framkvæma það í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, nema þegar um er að ræða:

1. grannskoðun á íhlutum öðrum en hreyflum og skrúfum og
2. grannskoðun á hreyflum og skrúfum loftfara sem ekki teljast til CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftfara.

Að því er varðar viðhald íhluta, sem fram fer í samræmi við d-lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur M.A.801 um viðhaldsvottorð.“

11) Í stað b-liðar M.A.504 komi eftirfarandi:

„b) Auðkenna skal ónothæfa íhluti og skulu þeir geymdir á öruggum stað undir eftirliti samþykks fyrirtækis þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíð viðkomandi íhlutar. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, er þeim aðila eða því fyrirtæki sem lýsti íhlutinn ónothæfan engu að síður heimilt að flytja forræði íhlutarins yfir til eiganda loftfars eftir að hafa lýst hann ónothæfan, að því tilskildi að slík tilfærsla komi fram í viðhaldsskrá loftfarsins, hreyfilsins eða íhlutarins.“

12) Í stað M.A.601 komi eftirfarandi:

„M.A.601 **Gildissvið**

Í þessum kafla eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að teljast hæft til að gefa út eða framlengja samþykki til að annast viðhald á loftförum, öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum og íhlutum til ísetningar í þau sem eru ekki notuð af flugrekendum með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008.“

13) Lið M.A.606 er breytt sem hér segir:

í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) Viðhaldsfyrirtækið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda viðhaldsvotta til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför og íhluti samkvæmt M.A.612 og M.A.613. Þeir skulu uppfylla kröfur 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.“

14) Í stað b-liðar M.A.703 komi eftirfarandi:

„b) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar, hvað varðar flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal samþykkið vera hluti af flugrekandaskírteininu sem lögbæra yfirvaldið gefur út fyrir loftfarið sem er starfrækt.“

15) Í stað 9. liðar a-liðar M.A.704 komi eftirfarandi:

„9. skrá yfir samþykktar viðhaldsáætlanir loftfara eða, að því er varðar loftför sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skrá yfir „almennar viðhaldsáætlanir“ og „grunnviðhaldsáætlanir“.“

16) Lið M.A.706 er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) Að því er varðar flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skal ábyrgðarmaðurinn, sem um getur í a-lið, vera sá aðili sem hefur einnig umboð frá viðkomandi fyrirtæki til að tryggja að unnt sé að fjármagna allan rekstur flugrekandans og að hann fari fram í samræmi við tilskilinn staðal um útgáfu flugrekandaskírteinis.“

b) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) Að því er varðar flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skal ábyrgðarmaðurinn skipa tilnefndan yfirmann. Þessi einstaklingur skal bera ábyrgð á stjórnun og eftirliti með starfsemi vegna áframhaldandi lofthæfis samkvæmt c-lið.“

c) Í stað k-liðar komi eftirfarandi:

„k) Að því er varðar flókin, vélknúin loftför og loftför sem notuð er af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal fyrirtækið staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og/eða gæðaúttektir í samræmi við verklagsreglur og staðal sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt.“

17) Lið M.A.707 er breytt sem hér segir:

Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi, og, ef við á, gefa út flugleyfi, skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli, sem um getur í I-kafla A-þáttar, og, ef við á, gefur út flugleyfi í samræmi við c-lið M.A.711:

1. Að því er varðar loftför, sem notuð eru af flugrekendum með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum, skal þetta starfsfólk hafa:

- a) a.m.k. fimm ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og
- b) viðeigandi skirteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa í viðkomandi landi og
- c) formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d) stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkt fyrirtækisins.
- e) Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar a-liðar í M.A.707, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar a-liðar í M.A.707.“

2. Að því er varðar loftför, sem notuð eru af flugrekendum með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa allt að 2 730 kg, þ.m.t. loftbelgir, skal þetta starfsfólk hafa:

- a) a.m.k. þriggja ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og
- b) viðeigandi skirteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa í viðkomandi landi og
- c) viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d) stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykkt fyrirtækisins,
- e) Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar a-liðar í M.A.707, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar a-liðar í M.A.707.“

18) Lið M.A.708 er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. liðar b-liðar komi eftirfarandi:

„2. láta lögbæra yfirvaldinu í té viðhaldsáætlun og breytingar á henni til samþykkis, nema áætlunin falli undir málsmeðferð við óbeint samþykki í samræmi við c-lið M.A.302 og hvað varðar loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, senda eigandanum eða þeim flugrekanda sem ber ábyrgð, í samræmi við M.A.201, afrit af áætluninni,“.

b) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) Þegar um er að ræða flókin, vélknúin loftför eða loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, eða loftför notuð við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, og þegar fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hefur ekki hlotið tilhlýðilegt samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.-hluta, skal fyrirtækið, í samráði við flugrekandann, gera skriflegan viðhaldssamning við fyrirtæki, sem hefur samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.-hluta, eða við annan flugrekanda, þar sem nákvæmlega eru taldir upp starfsþættir, sem tilgreindir eru í 2., 3., 5. og 6. lið M.A.301, til að tryggja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.-hluta annist í raun allt viðhald og skilgreina hvernig styrkja skuli starfsþætti gæðakerfisins sem um getur í b-lið M.A.712.“

c) Eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) Þrátt fyrir c-lið getur samningurinn verið í formi einstakra verkbeiðna sem er beint til viðhaldsfyrirtækis sem hlotið hefur samþykki skv. 145. hluta eða F-kafla M.A.-hluta að því er varðar:

1. loftfar sem þarf á ófyrirséðu leiðarviðhaldi að halda,
2. viðhald ihluta, þ.m.t. viðhald hreyfla.“

19) Í stað b-liðar M.A.709 komi eftirfarandi:

„b) Viðurkennt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, getur þróað „grunnviðhaldsáætlanir“ og/ eða „almennar viðhaldsáætlanir“ fyrir loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, til að gera fyrsta samþykki og/eða rýmkun gildissviðs samþykkis kleift án þess að samningarnir, sem um getur í I. viðbæti við þennan viðauka (M-hluta), séu fyrir hendi. Þessar „grunnviðhaldsáætlanir“ og/eða „almennu viðhaldsáætlanir“ koma þó ekki í veg fyrir nauðsyn þess að koma á fullnægjandi viðhaldsáætlun fyrir loftför í samræmi við M.A.302 í tæka tíð áður en réttindanna, sem um getur í M.A.711, er neytt.“

20) Í stað 1. og 2. liðar a-liðar M.A.711 komi eftirfarandi:

- „1. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara annarra en þeirra sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, eins og tilgreint er á samþykkisvottorðinu,
2. að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, ef þau eru bæði tilgreind á samþykkisvottorði hans og flugrekandaskírteini,“.

21) Í stað e- og f-liðar M.A.712 komi eftirfarandi:

- „e) Þegar um er að ræða flugrekendur sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skal gæðakerfið, samkvæmt G-kafla M.A., vera samþættur hluti af gæðakerfi flugrekandans.
- f) Þegar um er að ræða lítið fyrirtæki, sem annast ekki sjálf stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, geta reglubundnar úttektir innan fyrirtækisins komið í stað gæðakerfisins, að því tilskildu að lögbært yfirvald samþykki það, nema þegar fyrirtækið gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum. Þegar ekkert gæðakerfi er til staðar skal fyrirtækið ekki gera samning við aðra aðila um verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

22) Í stað c- og d-liðar M.A.801 komi eftirfarandi:

„c) Þrátt fyrir 2. lið b-liðar M.A.801, gildir fyrir ELA1-loftför, sem eru ekki notuð í flutningaflugi, ekki í sérstakri starfrækslu í ábataskyni og ekki hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, að þeir viðhaldsvottar sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801 mega votta flókin viðhaldsverkefni fyrir loftför sem tilgreind eru í VII. viðbæti.

d) Þrátt fyrir b-lið M.A.801 er eigandanum heimilt, í ófyrirsjáanlegum atvikum, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er til staðar samþykkt viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið viðeigandi samþykki samkvæmt þessum viðauka eða II. viðauka (145. hluta) og ekki heldur eru fyrir hendi neinir viðeigandi viðhaldsvottar, að leyfa sérhverjum einstaklingi, sem hefur a.m.k. þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og hefur viðeigandi starfsréttindi, að sjá um viðhald í samræmi við staðlana, sem settir eru fram í D-kafla þessa viðauka, og gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið. Í því tilviki skal eigandinn:

1. fá í hendur og varðveita í skrá loftfarsins upplýsingar um alla þá vinnu sem fer fram og starfsréttindi einstaklingsins, sem gefur vottorðið út, og
2. sjá til þess að allt slíkt viðhald sé athugað aftur og vottað af hálfu einstaklings með tilskilin réttindi, sem um getur í b-lið M.A.801, eða af hálfu stofnunar, sem hefur samþykki samkvæmt F-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða skv. II. viðauka (145. hluta), við fyrsta hentugleika en þó innan sjö daga og
3. innan sjö daga frá því að slík vottunarheimild er veitt, tilkynna fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þegar samið hefur verið við fyrirtækið í samræmi við i-lið M.A.201 eða lögbæra yfirvaldinu ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi.“

23) Í stað b-liðar í M.A.803 komi eftirfarandi:

„b) Að því er varðar einföld, vélknúin loftför með allt að 2 730 kg hámarksflugtaksmassa, svifflugur, vélsvifflugur eða loftbelgi, sem eru hvorki notuð í flutningaflugi né í sérstakri starfrækslu í ábataskyni og ekki heldur hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, er flugmanni, sem er jafnframt eigandi loftfars, heimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið að loknu takmörkuðu viðhaldi flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eins og tilgreint er í VIII. viðbæti.“

24) Lið M.A.901 er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-, d- og e-liðar komi eftirfarandi:

„c) Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum, undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í b-lið og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, ef það hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki og svo framarlega sem skilyrði í k-lið eru uppfyllt:

1. gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.A.710 og
2. framlengt tvisvar gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorða, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvert skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn.

d) Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum, sem:

- i. eru ekki undir viðurkenndri viðhaldsstjórn eða
- ii. áframhaldandi lofthæfi þeirra er undir stjórn fyrirtækis, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi en hefur ekki réttindi til að annast staðfestingu á lofthæfi,

skal lögbæra yfirvaldið gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð að loknu fullnægjandi mati, sem byggist á tilmælum frá fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta), sem skal sent með umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram í samræmi við M.A.710.

e) Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, með allt að 2 730 kg hámarksflugtaksmassa, og loftbelgi, getur fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi með samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og er skipað af eiganda eða flugrekanda, ef það hefur hlotið tilhlýðilegt samþykki og svo framarlega sem skilyrðin í k-lið eru uppfyllt:

1. gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.A.710 og
2. framlengt tvisvar gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorða, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn undir stjórn fyrirtækisins.“

b) Í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) Þrátt fyrir e-lið og 2. lið i-liðar M.A.901 getur lögbært yfirvald einnig gefið út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir ELA1-loftför, sem eru hvorki notuð í flutningaflugi né í sérstakri starfrækslu í ábataskyni og ekki heldur hjá samþykktum þjálfunarfyrirtækjum, sem starfrækt eru í ábataskyni, að loknu fullnægjandi mati sem byggist á tilmælum viðhaldsvotta, sem eru formlega samþykktir af lögbæra yfirvaldinu og fara að ákvæðum III. viðauka (66. hluta), sem og þeim kröfum sem mælt er fyrir um í a-lið 2. liðar a-liðar M.A.707, sem skal sent með umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum. Þessi tilmæli skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi, sem fer fram í samræmi við M.A.710, og skulu ekki gefin út til lengri tíma en tveggja ára samfellt í senn.“

25) Í stað a-liðar í M.B.105 komi eftirfarandi:

„a) Til að stuðla að bættu flugöryggi skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á öllum nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.“

26) Í stað M.B.303 og M.B.304 komi eftirfarandi:

„M.B.303 **Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara**

- a) Á grundvelli nálgunar, sem byggist á áhættumati, skal lögbæra yfirvaldið móta könnunaráætlun til að vakta lofthæfistöðu loftfaraflotans sem er á skrá hjá því.
- b) Könnunaráætlunin skal fela í sér úrtakskannanir á loftförum og skal ná yfir alla lykiláhættuþætti varðandi lofthæfi.
- c) Með úrtakskönnun skal staðfesta með úrtaksprófun hvaða lofthæfistöðlum er náð á grundvelli gildandi krafna og tilgreina hvers konar frávik.
- d) Öll frávik, sem greinast, skulu flokkuð í samræmi við kröfur þessa hluta og þau skulu staðfest skriflega við þann aðila eða fyrirtæki sem ber ábyrgð samkvæmt M.A.201. Lögbæra yfirvaldið skal hafa innleitt ferli til að greina frávik vegna öryggisjónarmiða.
- e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik og aðgerðir til leiðréttingar.
- f) Komi fram visbendingar við könnun á loftfari um að ekki sé farið að kröfum þessa hluta eða einhvers annars hluta skal frávik meðhöndlað eins og mælt er fyrir um í viðeigandi hluta.
- g) Ef þess er krafist, til að tryggja viðeigandi framfylgdaraðgerðir, skal lögbæra yfirvaldið skiptast á upplýsingum við önnur lögbær yfirvöld um ósamræmi sem greinist í samræmi við f-lið.

M.B.304 **Afturköllun og tímabundin ógilding**

Lögbæra yfirvaldið skal:

- a) fella lofthæfistaðfestingarvottorð tímabundið úr gildi á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða
- b) fella lofthæfistaðfestingarvottorð tímabundið úr gildi eða afturkalla það skv. 1. lið M.B.903.“

27) Í stað a-liðar í M.B.701 komi eftirfarandi:

„a) Að því er varðar flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal lögbæra yfirvaldið fá eftirfarandi til samþykkis fyrir hverja tegund loftfars, sem fyrirhugað er að starfrækja, ásamt upphaflegu umsókninni um flugrekandaskírteini og, ef við á, öllum breytingum á henni sem sótt hefur verið um:

1. starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,
2. viðhaldsáætlun loftfara flugrekanda,
3. tækniflugbók loftfars,
4. ef við á, tækniforskriftir í viðhaldssamningum milli fyrirtækisins, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, og viðhaldsfyrirtækis með samþykki skv. 145. hluta.“

28) Í stað d-liðar M.B.703 komi eftirfarandi:

„d) Þegar um er að ræða flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skulu upplýsingar á EASA-eyðublaði nr. 14 koma fram á flugrekandaskírteininu.“

29) Í stað b-liðar í M.B.902 komi eftirfarandi:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki til að annast staðfestingu á lofthæfi.

1. Að því er varðar öll loftför, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2 730 kg, að loftbelgjum undanskildum, skal þetta starfsfólk hafa:

- a) a.m.k. fimm ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og
- b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísi og eiga við um gerð loftfarsins (þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinna reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og
- c) formlega þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d) stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fimm ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar b-liðar í M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar b-liðar í M.B.902.

2. Að því er varðar loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa allt að 2 730 kg, þ.m.t. loftbelgir, skal þetta starfsfólk hafa:

- a) a.m.k. þriggja ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi og
- b) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða starfsréttindi sem starfsmaður í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísi og eiga við um gerð loftfarsins (þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinna reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa og
- c) viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara og
- d) stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirra krafna sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar b-liðar í M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar b-liðar í M.B.902.“

30) Í stað I. viðbættis komi eftirfarandi:

„I. viðbætur

Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

1. Geri eigandi/flugrekandi samning, í samræmi við M.A.201, við fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla M-þáttar, um að fyrirtækið sjái um verkefni, sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn/flugrekandinn, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, senda lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins afrit af samningnum þegar báðir aðilar hafa undirritað hann.
2. Samningurinn skal útfærður með hliðsjón af kröfunum í M-hluta og skal skilgreina í honum kvaðir undirritunaraðilanna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.
3. Í honum skal a.m.k. koma fram:
 - einkennisstafir loftfarsins,
 - tegund loftfars,
 - raðnúmer loftfars,
 - nafn eiganda eða skráðs leigjanda eða upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. heimilisfang,
 - upplýsingar um fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. heimilisfang,
 - tegund starfrækslu
4. Þar skal vera eftirfarandi yfirlýsing:

„Eigandi felur fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, semja viðhaldsáætlun, sem skal hljóta samþykki lögbærs yfirvalds, eins og fram kemur í M.1, og skipuleggja viðhald á loftfarinu í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun.

Í þessum samningi skuldbinda báðir undirritunaraðilar sig til að uppfylla kvaðir sínar samkvæmt samningnum.

Eigandi/flugrekandi lýsir því yfir að samkvæmt hans bestu vitund séu allar upplýsingar, sem fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa verið veittar varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, réttar og að svo verði áfram og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirframsamþykkis frá fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

Ef annar undirritunaraðilinn uppfyllir ekki einhver ákvæði þessa samnings verður samningurinn ógildur. Í slíkum tilvikum mun eigandinn/flugrekandinn bera fulla ábyrgð á öllum verkefnum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins og skuldbinda sig til að tilkynna lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins um það innan tveggja vikna.“

5. Geri eigandi/flugrekandi samning, í samræmi við ákvæði M.A.201, við fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skulu kvaðimar skiptast á milli samningsaðila á eftirfarandi hátt:
 - 5.1. Skyldur fyrirtækisins, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:
 1. að sjá til þess að gildissvið samþykkis þess nái yfir viðkomandi tegund loftfars,
 2. að uppfylla skilyrðin fyrir því að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins en þau eru:
 - a) að semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar áreiðanleikaáætlanir sem eru samdar, ef við á,
 - b) að gefa upp þau viðhaldsverkefni (í viðhaldsáætluninni) sem flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er heimilt að framkvæma í samræmi við c-lið M.A.803,
 - c) að sjá til þess að viðhaldsáætlun loftfarsins hljóti samþykki,

- d) að láta eigandanum/flugrekandanum í té afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún hefur hlotið samþykki,
 - e) að sjá til þess að fram fari tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun á loftfarinu til að brúa bilið yfir í kröfur samkvæmt nýju viðhaldsáætluninni,
 - f) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,
 - g) að sjá til þess að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum sé beitt,
 - h) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki lagfæri allar bilanir, sem í ljós koma við reglubundið viðhald, staðfestingu á lofthæfi eða sem eigandinn tilkynnir um, sem og að samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfifyrirmæla, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun íhluta,
 - i) að láta eigandann vita í hvert skipti sem farið skal með loftfarið til samþykks viðhaldsfyrirtækis,
 - j) að hafa umsjón með öllum tæknilegum gögnum,
 - k) að setja öll tæknileg gögn í geymslu,
3. að sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,
 4. að sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,
 5. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef eigandinn kemur ekki með loftfarið til samþykks viðhaldsfyrirtækisins eins og samþykkt fyrirtækið hefur krafist,
 6. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef þessi samningur er ekki virtur,
 7. að tryggja að staðfesting á lofthæfi loftfarsins fari fram, þegar þörf krefur, og tryggja að lofthæfistaðfestingartorðidið sé gefið út eða að tilmælin séu send lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins,
 8. að senda afrit, innan tíu daga, af öllum lofthæfistaðfestingartorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,
 9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
 10. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp.

5.2. Skyldur eiganda/flugrekanda eru:

1. að þekkja grundvallaratriði samþykkrar viðhaldsáætlunar,
2. að þekkja grundvallaratriði þessa viðauka (M-hluta),
3. að fara með loftfarið til samþykks viðhaldsfyrirtækisins í samráði við fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, á þeim tíma sem fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, krefst þess,
4. að breyta ekki loftfarinu án samráðs við fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,
5. að tilkynna fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, um allt aukaviðhald, sem er framkvæmt án vitneskju, og eftirlit fyrirtækisins sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,
6. að tilkynna fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, um allar bilanir sem finnast við starfrækslu loftfarsins með því að færa þær inn í viðhaldsskrána,
7. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp,

8. að tilkynna það fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, og lögbæru yfirvaldi skráningar- aðildarríkisins ef loftfarið er selt,
9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
10. að gefa fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, reglubundið upplýsingar um flugtíma loftfarsins og öll önnur notkunargögn samkvæmt samkomulagi við fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,
11. að færa viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskránnar, eins og um getur í d-lið M.A.803, þegar flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, framkvæmir viðhald án þess að farið sé yfir mörk listans yfir viðhaldsverkefni líkt og tilgreint var í samþykktu viðhaldsáætluninni eins og mælt er fyrir um í c-lið M.A.803,
12. að tilkynna fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eigi síðar en 30 dögum eftir að flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, hefur lokið við viðhaldsverkefni í samræmi við a-lið M.A.305.“

31) Í stað VI. viðbætur komi eftirfarandi:

„VI. viðbætur

Samþykki fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafli í I. viðauka (M-hluta)

[AÐILDARRÍKI] (*)

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI**SAMÞYKKISVOTTORÐ**

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)]. MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá, og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli eða lofthæfistaðfestingavottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.710 í I. viðauka (M-hluta) og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út flugleyfi eins og tilgreint er í c-lið M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) í sömu reglugerð.

SKILYRÐI

1. Þetta samþykki takmarkast við það samþykki, sem tilgreint er í þættinum um samþykki í samþykktri starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi samkvæmt G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
2. Þetta samþykki krefst þess að farið sé að því verklagi sem tilgreint er í samþykktri starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við I. viðauka (M-hluta) og, ef við á, V. viðauka a (T-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykkt fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfurnar, skv. I. viðauka (M-hluta), og, ef við á, skv. V. viðauka a (T-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
4. Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta samþykki áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin haldi áfram að uppfylla viðeigandi samningsskyldur.
5. Svo fremi að skilyrði 1–4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir flugrekendur, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal númer flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði koma í staðinn fyrir skilyrði 5:

6. Þetta samþykki er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í 1. lið. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.
7. Lok á gildistíma flugrekandaskírteinis eða tímabundin ógilding eða afturköllun þess ógildir sjálfkrafa þetta samþykki í tengslum við skráningar þeirra loftfara sem tilgreindar eru í flugrekandaskírteininu nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.
8. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar:

Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærra yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

Bls. 1 af 2

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI**SAMÞYKKISSKRÁ**

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*). MG.XXXX

(tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

| Tegund/röð/hópur loftfars | Staðfesting á lofthæfi heimiluð | Heimilt að veita flugleyfi | Fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi |
|---------------------------|---------------------------------|----------------------------|---|
| | [JÁ/NEI] (***) | [JÁ/NEI] (***) | |
| | [JÁ/NEI] (***) | [JÁ/NEI] (***) | |
| | [JÁ/NEI] (***) | [JÁ/NEI] (***) | |
| | [JÁ/NEI] (***) | [JÁ/NEI] (***) | |

Þessi samþykkisskrá takmarkast við gildissvið samþykkisins sem tilgreint er í þættinum um samþykktu starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Tilvísun fyrir starfsemislýsingu um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 14, 4. útgáfa

(*) eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

(***) Stríka skal út það sem ekki á við ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

32) Í stað 1. liðar b-liðar í VIII. viðbæti „Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins sem er jafnframt eigandi loftfarsins“ komi eftirfarandi:

„1. er brýnt viðhaldsverkefni,“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Efnisyfirliti er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður 145.A.48 bætist við:

„145.A.48 **Framkvæmd viðhalds**”

2) Í stað h- og i-liðar 145.A.30 komi eftirfarandi:

„h) Fyrirtæki, sem annast viðhald loftfara, skal, nema kveðið sé á um annað í j-lið, hafa á að skipa eftirfarandi:

1. Þegar um er að ræða aðalviðhald á flóknum, vélknúnum loftförum, viðhaldsvottum með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í C-flokki skv. 66. hluta og 145.A.35. Að auki skal fyrirtækið hafa á að skipa nægu starfsfólki með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og með starfsréttindi í flokkum B1 eða B2, eins og við á, skv. 66. hluta og 145.A.35, til aðstoðar viðhaldsvottum í C-flokki.

i. Faglegir ábyrgðarmenn í flokkum B1 og B2 skulu sjá til þess að öll viðeigandi verkefni eða skoðanir hafi verið framkvæmdar í samræmi við tilskilda staðla áður en viðhaldsvottar í C-flokki gefa út viðhaldsvottorð.

ii. Fyrirtækið skal halda skrá yfir alla faglega ábyrgðarmenn í flokkum B1 og B2.

iii. Viðhaldsvottar í C-flokki skulu fullvissa sig um að fylgt hafi verið ákvæðum i. liðar og að þeirri vinnu sem viðskiptavinurinn fer fram á hafi verið lokið í viðkomandi aðalviðhaldsskoðun eða verkhluta og þeir skulu einnig meta áhrif þeirra verka sem voru ekki framkvæmd með það fyrir augum að krefjast þess að annaðhvort verði þau unnin eða að komist verði að samkomulagi við flugrekandann um að fresta þeim verkum fram að annarri, tiltekinni skoðun eða í tiltekinn tíma;

2. Þegar um er að ræða aðalviðhald á loftförum öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum hafa annaðhvort:

i. viðhaldsvotta með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför og starfsréttindi í flokkum B1, B2 eða B3, eins og við á, í samræmi við III. viðauka (66. hluta) og 145.A.35 eða

ii. viðhaldsvotta með viðeigandi tegundarréttindi fyrir loftför, sem hafa starfsréttindi í C-flokki og njóta aðstoðar faglegra ábyrgðarmanna eins og tilgreint er í i. lið a-liðar í 145.A.35.

i) Viðhaldsvottar íhluta skulu fara að ákvæðum 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.“

3) Eftirfarandi liður 145.A.48 bætist við:

„145.A.48 **Framkvæmd viðhalds**

Fyrirtækið skal setja verklagsreglur til að tryggja:

a) að við lok viðhalds fari fram almennt eftirlit til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur,

b) að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd hvers kyns brýns viðhaldsverkefnis,

c) að dregið verði úr hættu á margföldum mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum og

d) að stuðst sé við gögn, sem tilgreind eru í M.A.304, þegar skemmdir eru metnar og breytingar og viðgerðir framkvæmdar.“

- 4) Í stað b-liðar í 145.A.65 komi eftirfarandi:
- „b) Fyrirtækið skal setja verklagsreglur, sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á, þar sem höfð er hliðsjón af mannlega þættinum og mannlegri getu til að tryggja góðar viðhaldsvenjur og að farið sé að viðeigandi kröfum í liðum 145.A.25–145.A.95. Verklagsreglurnar í þessum lið skulu:
1. tryggja að skýr verkbeiðni eða verksamningur liggja fyrir milli fyrirtækisins og fyrirtækisins, sem óskar eftir viðhaldi, þar sem fyrirhugað viðhald er skýrt sett fram þannig að hægt sé að viðhaldsvotta loftfarið og íhlutina í samræmi við lið 145.A.50 og
 2. taka til allra þátta, sem varða framkvæmd viðhaldsins, þ.m.t. að veita og hafa eftirlit með sérhæfðri þjónustu og mæla fyrir um staðlana sem fyrirhugað er að fyrirtækið starfi eftir.“
-

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka (66. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 3. og 4. liðar a-liðar 66.A.30 komi eftirfarandi:

„3. fyrir C-flokk að því er varðar flókin, vélknúin loftför:

- i. þriggja ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1.1, B1.3 eða B2 á flóknum, vélknúnum loftförum eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja eða
 - ii. fimm ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1.2 eða B1.4 á flóknum, vélknúnum loftförum eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja,
4. fyrir C-flokk að því er varðar loftför önnur en flókin, vélknúin loftför: þriggja ára reynslu af því að neyta réttinda í flokkum B1 eða B2 á loftförum öðrum en flóknum, vélknúnum loftförum eða sem faglegur ábyrgðarmaður skv. 145.A.35 eða samsetningu af hvoru tveggja.“

2) Í stað d-liðar 66.A.70 komi eftirfarandi:

- „d) Þrátt fyrir c-lið, að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal skírteini flugvéltækis hafa takmarkanir í samræmi við lið 66.A.50 til að tryggja að starfsréttindi viðhaldsvotta, sem gilda í aðildarríki áður en þessi reglugerð tekur gildi, og réttindi skírteinis flugvéltækis, sem hefur verið umbreytt skv. 66. hluta, haldist óbreytt.“

3) Í stað V. viðbætur komi eftirfarandi:

„V. viðbætur

Umsóknareyðublað — EASA-eyðublað nr. 19

| | |
|---|---|
| UMSÓKN UM FYRSTA SKÍRTEINI/BREYTINGU Á SKÍRTEINI/ ENDURNÝJUN Á SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS (AML) SKV. 66. HLUTA | EASA-EYÐUBLAÐ NR. 19 |
| UPPLÝSINGAR UM UMSÆKJANDA: | |
| Nafn: | |
| Heimilisfang: | |
| Ríkisfang: Fæðingardagur, -mánuður og -ár og fæðingarstaður: | |
| UPPLÝSINGAR UM SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS SKV. 66. HLUTA (ef við á): | |
| Skírteinisnúmer: Útgáfudagur: | |
| UPPLÝSINGAR UM VINNUVEITANDA: | |
| Nafn: | |
| Heimilisfang: | |
| Tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækis: | |
| Sími: Bréfasími: | |
| UMSÓKN UM: (Haka skal í viðeigandi ramma) | |
| Fyrsta skírteini flugvéltækis <input type="checkbox"/> Breyting á skírteini flugvéltækis <input type="checkbox"/> Endurnýjun á skírteini flugvéltækis <input type="checkbox"/> | |
| Áritun | A B1 B2 B3 C |
| Flugvélar, hverfihreyfill | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> |
| Flugvélar, strokkhreyfill | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> |
| Þyrlur, hverfihreyfill | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> |
| Þyrlur, strokkhreyfill | <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> |
| Rafeindabúnaður loftfars | <input type="checkbox"/> |
| Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2 tonna hámarksflugtaksmassa eða þar undir | <input type="checkbox"/> |
| Flókin, vélknúin loftför | <input type="checkbox"/> |
| Loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför | <input type="checkbox"/> |
| Tegundaráritun/Réttindaáritun/Aflétting takmarkana (ef við á): | |
| Ég sækir hér með um fyrsta skírteini/breytingu á skírteini/endurnýjun á skírteini flugvéltækis skv. 66. hluta og staðfesti að upplýsingarnar á þessu eyðublaði eru réttar þegar umsóknin er lögð inn. | |
| Ég staðfesti hér með að: | |
| 1. ég er ekki handhafi skírteinis flugvéltækis, skv. 66. hluta, sem gefið er út í öðru aðildarríki, | |
| 2. ég hef ekki sótt um skírteini flugvéltækis, skv. 66. hluta, í öðru aðildarríki og | |
| 3. ég hef aldrei verið handhafi skírteinis flugvéltækis, skv. 66. hluta, sem gefið var út í öðru aðildarríki og sem annað aðildarríki afturkallaði eða ógilti tímabundið. | |
| Ég geri mér einnig grein fyrir að gefi ég rangar upplýsingar geti ég verið sviptur skírteini flugvéltækis skv. 66. hluta. | |
| Undirskrift: Nafn: Dagsetning: | |

| |
|--|
| <p>Ég óska eftir að fá eftirfarandi atriði metin (ef við á):</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>Metin reynsla á grundvelli þjálfunar skv. 147. hluta</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>Metið nám á grundvelli samsvarandi prófskírteina</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>.....</p> <p>Viðeigandi skírteini skulu fylgja með</p> |
| <p>Meðmæli (ef við á): Hér með vottast að umsækjandi hefur uppfyllt kröfur 66. hluta um viðeigandi viðhaldskunnáttu og -reynslu og er mælt með því að lögbæra yfirvaldið veiti honum eða áriti skírteini flugvéltækni skv. 66. hluta.</p> <p>Undirskrift: Nafn:</p> <p>Staða: Dagsetning:</p> |

EASA-eyðublað nr. 19, 4. útg.“

4) Í stað VI. viðbættis komi eftirfarandi:

VI. viðbætur

Skírteini flugvéltækis sem um getur í III. viðauka (66. hluta)

| | |
|---|---|
| <p>I.</p> <p>EVROPUSAMBANDIÐ (*)</p> <p>[RÍKI]</p> <p>[NAFN OG KENNIMERKI YFIRVALDS]</p> <p>II.</p> <p>66. hluti</p> <p>SKÍRTEINI FLUGVÉLTÆKNIS</p> <p>III.</p> <p>Skírteinisnúmer [KÓÐI AÐILDARRÍKIS].66.[XXXX]</p> | <p>IVa. Fullt nafn handhafa:</p> |
| | <p>IVb. Fæðingardagur- og ár og fæðingarstaður:</p> |
| | <p>V. Heimilisfang handhafa:</p> |
| | <p>VI. Þjóðerni handhafa</p> |
| | <p>VII. Undirskrift handhafa:</p> |
| | |
| | |
| | <p>III. Skírteinisnúmer:</p> |

EASA-eyðublað nr. 26, 4. útg.

| | | | | | |
|--|------------|------------|------------|------------|------------|
| VIII. SKILYRÐI: | | | | | |
| <p>Handhafi skal undirrita skírteinið og skal því fylgja persónuskilríki með ljósmynd af handhafa skírteinisins.</p> <p>Ef einungis er áritun fyrir flokk á síðu/síðum, sem bera yfirskriftina FLOKKAR skv. 66. hluta, er handhafa ekki heimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfar.</p> <p>Þegar veitt hefur verið tegundaráritun fyrir loftfar í þetta skírteini uppfyllir það markmið I. viðauka Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar.</p> <p>Mælt er fyrir um réttindi handhafa þessa skírteinis í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 þá einkum í III. viðauka (66. hluta).</p> <p>Þetta skírteini gildir til þess dags sem tilgreindur er á síðunni fyrir takmarkanir nema það sé ógilt tímabundið eða afturkallað.</p> <p>Handhafa skírteinisins er ekki heimilt að neyta réttinda þess nema hann hafi á undanförunum tveimur árum öðlast sex mánaða reynslu af viðhaldi, í samræmi við þau réttindi sem skírteinið veitir, eða uppfylli ákvæði um útgáfu vídeigandi réttinda.</p> | | | | | |
| IX. FLOKKAR skv. 66. hluta | | | | | |
| GILDISTÍMI: | A | B1 | B2 | B3 | C |
| Flugvélar, hverfihreyfill | | | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| Flugvélar, strokkhreyfill | | | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| Pyrlur, hverfihreyfill | | | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| Pyrlur, strokkhreyfill | | | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við |
| Rafeindabúnaður loftfara | Á ekki við | Á ekki við | | Á ekki við | Á ekki við |
| Flókin, vélknúin loftför | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | |
| Loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | |
| Flugvélar sem knúnar eru með strokkhreyfli en hafa ekki jafnþrýstibúnað og eru með 2 000 kg hámarksflugtaks massa eða þar undir | Á ekki við | Á ekki við | Á ekki við | | Á ekki við |
| X. Undirskrift fulltrúans, sem gefur skírteinið út, og útgáfudagur: | | | | | |
| XI. Innsigli eða stimpill útgáfuyfirvalds: | | | | | |
| III. Skírteinisnúmer: | | | | | |

III. Skírteinisnúmer:

| XII. RÉTTINDI Á LOFTFAR SKV. 66. HLUTA | | |
|--|---------|------------------------|
| Réttindi á loftfar | Flokkur | Stimpill og dagsetning |
| | | |
| III. Skírteinisnúmer: | | |

| XIII. TAKMARKANIR skv. 66. hluta |
|----------------------------------|
| Gildir til: |
| III. Skírteinisnúmer: |

| Viðauki við EASA-EYÐUBLAÐ NR. 26 |
|--|
| XIV. LANDBUNDIN RÉTTINDI sem falla utan gildis- sviðs 66. hluta í samræmi við [landslöggjöf] (Gildir einungis í [aðildarríki]) |
| |
| Opinber stimpill og dagsetning |
| III. Skírteinisnúmer: |

| |
|--------------------|
| HÉR Á AÐ VERA EYÐA |
|--------------------|

IV. VIÐAUKI

Eftirfarandi V. viðauki a bætist við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014:

*„V. VIÐAUKI a***T-hluti**

Efnisyfirlit

T.1 Lögbært yfirvald

A-þáttur — Tæknilegar kröfur

A-kafli — ALMENN ÁKVÆÐI

T.A.101 Gildissvið

B-kafli — KRÖFUR

T.A.201 Ábyrgð

E-kafli — VIÐHALDSFYRIRTÆKI

G-kafli — VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SAMKVÆMT G-KAFLA I. VIÐAUKA (M-HLUTA).

T.A.701 Gildissvið

T.A.704 Starfsemis lýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk

T.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.709 Skjöl

T.A.711 Réttindi

T.A.712 Gæðakerfi

T.A.714 Skráahald

T.A.715 Áframhaldandi gildi samþykkis

T.A.716 Frávik

B-þáttur — Verklagsreglur fyrir lögbær yfirvöld

A-kafli — ALMENN ÁKVÆÐI

T.B.101 Gildissvið

T.B.102 Lögbært yfirvald

T.B.104 Skráahald

B-kafli — ÁBYRGÐARSKYLDA

T.B.201 Ábyrgð

T.B.202 Frávik

G-kafli — VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SAMKVÆMT G-KAFLA I. VIÐAUKA (M-HLUTA).

T.B.704 Samfelld eftirlit

T.B.705 Frávik

T.1 Lögbætur yfirvald

Að því er þennan hluta varðar telst lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti með loftfarinu og fyrirtækjunum, vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki sem gaf flugrekandaskírteinið út til handa flugrekandanum.

A-BÁTTUR

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI

ALMENNT

T.A.101 Gildissvið

Í þessum kafla eru settar kröfur til að tryggja að áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem um getur í b-lið 1. gr., sé viðhaldið í samræmi við grunnkröfur IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008.

Í kaflanum eru einnig tilgreind þau skilyrði sem einstaklingar og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og viðhaldi slíkra loftfara, þurfa að uppfylla.

B-KAFLI

ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

T.A.201 Ábyrgð

1. Flugrekandinn ber ábyrgð á lofthæfi loftfarsins og hann á að tryggja að loftfarið sé ekki starfrækt nema:

- a) Flugöryggisstofnunin hafi gefið út eða fullgilt tegundarvottorð fyrir loftfarið,
- b) loftfarið sé í lofthæfu ástandi,
- c) loftfarið hafi gilt lofthæfivottorð, gefið út í samræmi við 8. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO),
- d) viðhald loftfarsins fari fram í samræmi við viðhaldsáætlan sem uppfyllir kröfur skráningarríkisins og gildandi kröfur 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
- e) gert verði við hvers konar bilun eða tjón, sem hefur áhrif á örugga starfrækslu loftfarsins, samkvæmt staðli sem skráningarríkið telur viðunandi,
- f) loftfarið uppfylli:
 - i. öll gildandi lofthæfifyrirmæli eða kröfur um áframhaldandi lofthæfi sem skráningarríkið gefur út eða samþykkir og
 - ii. allar skyldubundnar öryggisupplýsingar, sem Flugöryggisstofnunin gefur út, þ.m.t. lofthæfifyrirmæli,
- g) loftfarið fái útgefið viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi viðurkenndra fyrirtækja í samræmi við kröfur skráningarríkisins; á undirritaða viðhaldsvottorðinu skulu einkum vera grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram,
- h) fram fari fyrirflugsskoðun á loftfarinu fyrir hvert flug,
- i) allar breytingar og viðgerðir uppfylli lofthæfiskröfur skráningarríkisins,

- j) eftirfarandi loftfarsgögn séu tiltæk þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna, sem þar er að finna, en þó eigi skemur en 24 mánuði:
- 1) heildartími notkunar loftfarsins og allra íhluta með tiltekinn endingartíma (klukkustundir, notkunarskipti og almanaksdagar, eftir því sem við á),
 - 2) gildandi staða samræmis við kröfur f-liðar 1. liðar T.A.201,
 - 3) gildandi staða samræmis við viðhaldsáætlun,
 - 4) gildandi staða breytinga og viðgerða ásamt viðeigandi upplýsingum og gögnum til rökstuðnings til að sýna fram á að þær uppfylli kröfur skráningarríkisins.
2. Fyrirtækið, sem flugrekandinn hefur ráðið til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal annast eftirlit með þeim verkefnum sem tilgreind eru í 1. lið T.A.201. Í þessum tilgangi skal fyrirtækið uppfylla viðbótarkröfur G-kafla T.A.
3. Fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í 2. lið, skal sjá til þess að viðhald og útgáfa viðhaldsvottorðs fyrir loftfarið sé framkvæmt af viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur E-kafla. Í þessu skyni skal fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, gera samning við slík fyrirtæki þegar það uppfyllir ekki sjálft kröfur E-kafla.

E-KAFLI

VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal sjá til þess að viðhald loftfarsins og íhluta þess fari fram hjá fyrirtækjum sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

- 1) fyrirtækið hafi undir höndum samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem skráningarríkið hefur gefið út eða samþykkt,
- 2) gildissvið samþykkis fyrirtækisins nær yfir viðeigandi hæfni fyrirtækisins til að meðhöndla viðeigandi loftför og/ eða íhluti,
- 3) fyrirtækið hafi komið á fót tilkynningakerfi fyrir atvik sem tryggir að sérhvert ástand loftfars eða íhlutar, sem greinist og stofnar flugöryggi í hættu, verði tilkynnt lögbæru yfirvaldi flugrekanda, fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á tegundarhönnun, eða viðbörtartegundarhönnun sem og fyrirtækinu, sem annast stjórnun áframhaldandi lofthæfi,
- 4) fyrirtækið hafi sett saman handbók þar sem finna má lýsingu á öllum verklagsreglum fyrirtækisins.

G-KAFLI

VIÐBÓTARKRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA, SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SAMKVÆMT G-KAFLA I. VIÐAUKA (M-HLUTA).

T.A.701 Gildissvið

Í þessum kafla eru settar kröfur sem fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við G-kafla M-hluta, þarf að uppfylla, til viðbótar við kröfur G-kafla í M-hluta, til að hafa eftirlit með þeim verkefnum sem tilgreind eru í T.A.201.

T.A.704 Starfsemis lýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Til viðbótar við kröfur M.A.704 skal starfsemis lýsingin innihalda verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, tryggir að farið sé að kröfum T-hluta.

T.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk

Til viðbótar við kröfur M.A.706 skal starfsfólkið, sem um getur í c- og d-lið M.A.706, hafa nægilega þekkingu á viðeigandi reglum í þriðja landi.

T.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Þrátt fyrir M.A.708, að því er varðar loftför sem stjórnað er í samræmi við kröfur T-hluta, skal fyrirtækið sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

- a) sjá til þess að farið sé með loftfarið til viðhaldsfyrirtækis þegar þörf er á því,
- b) sjá til þess að allt viðhald sé framkvæmt í samræmi við viðhaldsáætlunina,
- c) sjá til þess að skyldubundnu upplýsingunum í f-lið 1. liðar T.A.201 sé beitt,
- d) sjá til þess að viðhaldsfyrirtækið lagfæri allar bilanir, sem koma í ljós við reglubundið viðhald eða sem tilkynnt er um, í samræmi við viðhaldsgögnin sem skráningarríkið samþykkir,
- e) samræma reglubundið viðhald, beitingu skyldubundnu upplýsinganna, sem um getur í f-lið 1. liðar T.A.201, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og skoðun íhluta til að tryggja að vinnan fari rétt fram,
- f) annast stjórnun á þeim skráum yfir áframhaldandi lofthæfi sem krafist er samkvæmt j-lið 1. liðar T.A.201 og koma þeim í geymslu,
- g) sjá til þess að breytingar og viðgerðir séu samþykktar í samræmi við kröfur skráningarríkisins.

T.A.709 Skjöl

Þrátt fyrir a- og b-lið M.A.709 skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa undir höndum og nota viðeigandi viðhaldsgögn sem skráningarríkið hefur samþykkt fyrir öll loftför sem stjórnað er í samræmi við kröfur T-hluta.

T.A.711 Réttindi

Fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, með samþykki í samræmi við G-kafla M-hluta, getur framkvæmt verkefni, sem tilgreind eru í T.A.708, fyrir þau loftför sem tilgreind eru á flugrekandaskírteininu, að því tilskildu að fyrirtækið hafi komið á verklagsreglum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, til að tryggja samræmi við T-hluta.

T.A.712 Gæðakerfi

Til viðbótar við kröfur M.A.712 skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sjá til þess að gæðakerfið vakti að öll starfsemi, samkvæmt þessum kafla, fari fram í samræmi við samþykktar verklagsreglur.

T.A.714 Skráahald

Til viðbótar við kröfur a-liðar M.A.714 skal fyrirtækið geyma þau gögn sem krafist er samkvæmt j-lið 1. liðar T.A.201.

T.A.715 Áframhaldandi gildi samþykkis

Til viðbótar við skilyrði a-liðar M.A.715 fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, samkvæmt þessum kafla, skal samþykkið gilda, sbr. þó eftirfarandi:

- a) að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur T-hluta og
- b) að fyrirtækið sjái til þess að öllum aðilum, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, sé veittur aðgangur að allri aðstöðu þess, loftförum eða gögnum, sem tengjast starfsemi þess, þ.m.t. allri útvistaðri starfsemi, til að ákvarða samræmi við þennan hluta.

T.A.716 Frávik

Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik, samkvæmt T.B.705, skal fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semja leiðréttingaráætlun og sýna fram á að gerðar hafi verið leiðréttingar, sem lögbæra yfirvaldið telur fullnægjandi, innan ákveðins frests sem samið er um við yfirvaldið.

*B-PÁTTUR***VIÐBÓTARVERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD**

A-KAFLI

ALMENNT**T.B.101 Gildissvið**

Í þessum þætti eru settar stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd ákvæða A-þáttar þessa T-hluta, ber að uppfylla.

T.B.102 Lögbært yfirvald

1. Almenn atriði

Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð eins og um getur í T.1. Þetta lögbæra yfirvald skal koma á skjalfestum verklagsreglum og stjórnskipulagi.

2. Mannafli

Fjöldi starfsfólks skal vera nægilegur til að hægt sé að uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í þessum þætti.

3. Starfsréttindi og þjálfun

Allt starfsfólk, sem á hlut að starfsemi samkvæmt T-hluta, skal hafa tilskilin starfsréttindi og búa yfir viðeigandi kunnáttu, reynslu, grunnþjálfun og síþjálfun til að sinna þeim verkefnum sem því er úthlutað.

4. Verklagsreglur

Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig uppfylla skuli skilyrðin í þessum hluta.

T.B.104 Skráahald

1. Kröfur a-, b- og c-liðar M.B.104 í I. viðauka gilda.

2. Til að uppfylla lágmarkskröfur um skrár, að því er varðar eftirlit með hverju loftfari, skal í skránum a.m.k. vera afrit af:

- a) lofthæfivottorði loftfarsins,
- b) öllum bréfaskiptum sem máli skipta og tengjast loftfarinu,
- c) skýrslum um skoðanir og kannanir sem framkvæmdar eru á loftfarinu,
- d) upplýsingum um undanþágur og framfylgdaraðgerð eða -aðgerðir,

3. Allar skrár, sem eru tilgreindar í T.B.104, skulu vera tiltækar fyrir annað aðildarríki, Flugöryggisstofnunina eða skráningarríkið, að beiðni þeirra.

4. Gögnin, sem tilgreind eru í 2. lið, skulu geymd í fjögur ár að loknum samningi um tómaleigu.

T.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

Kröfur M.B.105 í I. viðauka gilda.

B-KAFLI

ÁBYRGÐARSKYLDA**T.B.201 Ábyrgð**

1. Lögbært yfirvald, eins og það er skilgreint í T.1, ber ábyrgð á að framkvæma skoðanir og rannsóknir, þ.m.t. kannanir á loftfari, til að staðfesta að farið sé að kröfum samkvæmt þessum hluta.

2. Lögbært yfirvald skal framkvæma skoðanir og rannsóknir áður en samningur um tómaleigu er samþykktur í samræmi við 1. lið a-liðar ARO.OPS.110, til að sannreyna að kröfum T.A.201 sé fylgt.
3. Lögbært yfirvald skal tryggja samræmingu við skráningarríkið, að því marki sem nauðsynlegt er, til að gegna eftirlitslutverki gagnvart loftförum í þessum V. viðauka a (T-hluta).

T.B.202 Frávik

1. Fyrsta stigs frávik er sérhvert mikilvægt atriði, sem samrýmist ekki kröfum samkvæmt T-hlutanum, dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í hættu.
2. Annars stigs frávik er sérhvert atriði, sem samrýmist ekki kröfum samkvæmt T-hlutanum, gæti dregið úr öryggiskröfum og kann að stofna flugöryggi í hættu.
3. Þegar frávik uppgötvast við skoðanir, rannsóknir, kannanir á loftfari eða með öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið:
 - a) gera nauðsynlegar ráðstafanir, t.d. setja loftfarið í flugbann, til að koma í veg fyrir áframhaldandi vanefndir,
 - b) krefjast þess að gripið verði til aðgerða til úrbóta sem eru í samræmi við eðli fráviksins.
4. Við fyrsta stigs frávik skal lögbært yfirvald krefjast þess að gripið verði til viðeigandi aðgerða til úrbóta áður en frekara flug fer fram og upplýsa skráningarríkið þar um.

G-KAFLI

VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA, SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SAMKVÆMT G-KAFLA I. VIÐAUKA (M-HLUTA)

T.B.702 Fyrsta samþykki

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt M.B.702, skal lögbært yfirvald, þegar starfsemislýsing fyrirtækisins, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, inniheldur verklagsreglur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í b-lið 1. liðar, ákvarða að þessar verklagsreglur samrýmist kröfum samkvæmt T-hlutanum og sannreyna að fyrirtækið uppfylli kröfurnar samkvæmt honum.

T.B.704 Samfelld eftirlit

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt M.B.704, skal gera viðeigandi úrtakskönnun á 24 mánaða fresti á loftförum sem um getur í b-lið 1. liðar og sem fyrirtækið hefur undir stjórn sinni.

T.B.705 Frávik

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt M.B.705, skal lögbært yfirvald, að því er varðar fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í b-lið 1. liðar, einnig grípa til aðgerða ef fram koma vísbendingar við úttektir, skoðanir á hlaði eða með öðrum hætti um að ekki sé farið að kröfunum samkvæmt T-hlutanum.“